

39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptisyfirvaldanna á Íslandi, um lán af opinberu fê gegn veði í lausum aurum.

1868.
1. ágúst.

Í bréfi 29. júnímán. þ. á. hafið þér, herra stíptamtmaður og háæruverðugi herra, mælt fram með bænarskrá frá síra Þorláki Stefánssyni, sóknarpresti að Undirfelli og Grímsstungu, um að fá að láni gegn veði í lausafê upphæð ríkisskuldabréfs, er tèð prestakall á, dagsetts 12. febrúarmán. 1817, uppá 110 rd., og hafið þér sent skuldabréfið hingað, til þess að bann það, er áður hefir verið á það ritað um að eigi megi láta það af hendi, verði af numið.

Um leið og greint ríkisskuldabréf er sent aptur, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunn-
gjörði það, að með því að veð það, sem fram er boðið, ekki er lögmætt, hlýtur stjórnarráðinu að þykja ísjárvert að veita samþykki sitt til, að lánið veitist.

hafið fengið úr sveitarsjóð Dyrhólahrepps, verði goldinn hreppnum aptur.

Úrskurður stíptamtmannsins yfir Íslandi dagsettur 23. júlímán. 1867.

Með þóknanlegu bréfi 2. þ. m. hafið þér, herra sýslumaður, lagt fyrir amtið til úrskurðar kæru frá hreppstjórnunum í Rangárvallahrepp, dagsetta 4. f. m., útaf úrskurði yðar 20. septembermán. 1864, er fer fram á, að læður hreppur sé skyldur að endurgjalda Dyrhólahrepp það, sem þaðan er skotið til fyrirfram til framfærslu stjúp barna Jakobs Sigurðssonar, sem ennþá eru of ung til að standa sjálf straum af sér. Sem ástæðu fyrir þessari kæru sinni hafa hreppstjórnir tekið fram, að börn þessi, sem eru fædd í hjónabandi, séu samkvæmt reglugjörð 8. janúarmán. 1834 sveitlög á Dyrhólahrepp, framfærsluhrepp föður þeirra sáluga.

Útaf þessu skal stíptamtið þenustusamlega biðja yður um, að gefa hreppstjórnunum í Rangárvallahrepp til kynna, að með því að ástæður þær, sem þér hafið byggt áðurnefndan úrskurð á, bæði eru samkvæmar hlutarins eðli og þar á ofan í líkum tilfellum eru teknar fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarmán. 1862 og 1. septembermán. 1863, skal úrskurður yðar standa öraskaður.